

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 12/2008

frá 1. febrúar 2008

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 167/2007 frá 7. desember 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2320/2002 frá 16. desember 2002 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsskiptum ⁽²⁾ var felld inn í samninginn samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 61/2004 frá 26. apríl 2004 ⁽³⁾ ásamt sértækum aðlögunarákvæðum fyrir tiltekin lönd.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 915/2007 frá 31. júlí 2007 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 622/2003 um ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnreglum um flugvernd ⁽⁴⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 66i (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 622/2003) í XIII. viðauka við samninginn:

„– **32007 R 0915:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 915/2007 frá 31. júlí 2007 (Stjtið. ESB L 200, 1.8.2007, bls. 3).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Þar til sameiginlega EES-nefndin tekur formlega ákvörðun um breytingu á 3. fylgiskjali viðauka við reglugerð (EB) nr. 622/2003, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í samningnum, skulu EFTA-ríkin gera, samtímis aðildarríkjum EB, ráðstafanir sem samsvara þeim ráðstöfunum sem hin síðarnefndu gera á grundvelli hinna nýju ákvæða 3. fylgiskjals. Reynist það verulegum annmörkum háð í einu eða fleiri EFTA-ríkjum að gera slíkar ráðstafanir skulu viðkomandi EFTA-ríki vísa málinu tafarlaust til sameiginlegu EES-nefndarinnar.“

2. gr.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 124, 8.5.2008, bls. 34, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 26, 8.5.2008, bls. 28.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 355, 30.12.2002, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 277, 26.8.2004, bls. 175, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 43, 26.8.2004, bls. 159.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 200, 1.8.2007, bls. 3.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 915/2007, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 2. febrúar 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. febrúar 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.